

2. fundur þróunarsamvinnunefndar
OG
3. fundur þróunarsamvinnunefndar

31. maí kl. 11.30-13.00 og 7. júní kl. 11.30-13.00 í utanríkisráðuneyti

Fundargerð

Mætt voru:

Valgerður Sverrisdóttir - formaður, Óttar Proppé - Björt framtíð, Silja Dögg Gunnarsdóttir - Framsóknarflokkur (varamaður f. Karl Garðarsson), Ásta Guðrún Helgadóttir - Píratar, Steinunn Þóra Árnadóttir - Vinstrihreyfingin grænt framboð, Atli Viðar Thorstensen - Rauði krossinn, Inga Dóra Pétursdóttir - UN Women, Ragnar Schram - SOS barnaþorp, Fríður Birna Stefánsdóttir - ABC barnahjálpi, Ragnar Gunnarsson - Kristniboðssambandið, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir - Háskóli Íslands (varamaður f. Geir Gunnlaugsson), Anna Elísabet Ólafsdóttir - Háskólinn á Bifröst, Maríanna Traustadóttir - Alþýðusamband Íslands, Ólafur Garðar Halldórsson - Samtök atvinnulífsins.

Fundinn sátu að auki starfsmenn utanríkisráðuneytis: María Erla Marelsdóttir, Auðbjörg Halldórsdóttir, Hannes Hauksson, Gunnar Salvarsson, Þórarinna Söebeck, og Anna Pála Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

31. maí:

1. Fundur settur - fundargerð 1. fundar

Fundargerð 1. nefndarinnar var send út fyrir fundinn, aths. bárust ekki og var hún samþykkt. Spurt var hvort nokkrar athugasemdir væru við það verklag að fundargerð sé send út í tölvupósti og teljist samþykkt, berist ekki aths. innan uppgefins (sanngjarns) frests. Engar athugasemdir við það.

2. Starfsreglur nefndarinnar (til samþykktar)

Uppfærðar reglur eftir umræðu á fyrsta fundi voru sendar út fyrir fundinn. Reglurnar voru samþykktar.

3. Fréttayfirlit um starfsemina frá þróunarsamvinnuskrifstofu UTN

María Erla Marelsdóttir, skrifstofustjóri þróunarsamvinnu, gaf stutt yfirlit. Rætt var um að fjalla þurfi sérstaklega um vinnu Íslands að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna á fundi nefndarinnar fljótlega.

4. Stutt kynning á drögum að nýrri þróunarsamvinnustefnu

Starfsmenn UTN kynntu drög að að þingsályktun um þróunarsamvinnustefnu Íslands 2017-2021 og svöruðu spurningum nefndarmanna. Send var samantekt um spurningar og svör til nefndarmanna eftir fundinn.

5. Umræða nefndarinnar um áherslur í væntanlegri umsögn sinni

Starfsmenn UTN, utan Önnu Pálu starfsmanns nefndarinnar, viku af fundi. Rætt var um annars vegar skipulag vinnu að umsögninni og hins vegar hvert efni hennar ætti að vera. Meðal annars veltu nefndarmenn fyrir sér spursmáli um meirihluta- og minnihlutaálit og hvað reglur um

nefndina segðu hvað það varðar. Ákveðið var að óháð því spursmáli yrði reynt að sammælast um sameiginlega umsögn.

Einnig var ákveðið að Valgerður Sverrisdóttir formaður og Atli Viðar Thorstensen frá RKÍ myndu vinna saman fyrstu drög að umsögn, sem send yrðu út fyrir næsta fund.

7. júní:

Aðeins eitt mál var á dagskrá: Umsögn um þingsályktun um þróunarsamvinnustefnu Íslands 2017-2021. Nefndin lauk við umsögnina í sameiningu.

Fleira var ekki gert.